



Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið / Eva Margrét Ævarsdóttir  
150 Reykjavík

20. febrúar 2003

**Efni: Þingsályktunartillaga um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Þskj.27 – 27. mál.**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 30. janúar 2003.

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands taka efnislega undir tillöguna.

Það er ljóst að vegna skorts á ýmsum grundvallar upplýsingum um íslenska náttúru Íslands hefur reynst erfitt að meta með fullnægjandi hætti verndargildi einstakra svæða og tegunda. Hvað þetta varðar hafa ákvarðanir um landnotkun og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda verið teknar á ótraustum grunni. Gagnaskortur af þessu tagi hefur einnig leitt til þess að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið tímafrekara og kostnaðarsamara en ella. Í þessum efnum er úrbóta þörf. Í þingsályktunartillögunni er bent á aðferðir sem byggja á erlendir reynslu. Þessar aðferðir má aðlaga íslenskum aðstæðum og þá er líklegt að þær geti reynst afar gagnlegar.

Landvernd hefur haft aðstöðu til að kynna sér þær aðferðir sem lýst er í þingsályktunartillögunni í tengslum við vinnu við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það er mat stjórnar samtakanna að skipulagðari vinnubrögð við skráningu gagna og heilstæðari yfirsýni yfir náttúru landsins muni leiða til upplýstari ákvörðunartöku um landnot. Með því að skilgreina gæðakröfur um náttúrfarsgögn má draga úr óvissu við undirbúning og gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ekki síður er gagnlegt að skýra hvaða gögn skuli taka saman á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli verða að þeim.

Í framlagðri tillögu beinist athyglin fyrst og fremst að lífrænni náttúru landsins og gerð vitsgerðakorta. Það er mat stjórnar Landverndar að meira þurfi að koma til ef veita á fullnægjandi upplýsingar um náttúrufar. Afla þarf með skipulögum hætti jarð- og vatnafræðilegar upplýsingar og kortleggja í viðunandi mælikvörðum.

Virðingarfyllt,

Tryggvi Felixson

framkvæmdastjóri Landverndar